

I.tbl.

10. jan. 2024

31 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386

ÞORRABLÓT 2024

Þorrablot Kvenfélags Mývatnssveitar verður haldið í Skjólbrekku **20. janúar kl. 20:30. Húsið opnar kl. 20:00 og miðaverð er 5.999 kr.** Kaffi, sykur og mjólk á staðnum. Hljómsveitin SOS leikur fyrir dansi og dansleikurinn er einungis fyrir matargesti.

Þátttaka tilkynnist til Sólveigar Jóns í síma 849-7749 eða til Ásdísar Erlu í síma 861-0274, sunnudaginn 14. janúar og mánudaginn 15. janúar milli kl. 16:00-19:00. Athugið að þeir sem panta miða þurfa að eiga lögheimili í Mývatnssveit.

Miðar verða seldir/afhentir í Krambúðinni Reykjaví, þriðjudaginn 16. janúar og miðvikudaginn 17. janúar milli kl. 16:00-18:00. Miðar fást ekki endurgreiddir.

Miðana er hægt að greiða með peningum við afhendingu eða leggja inn á reikning Kvenfélagsins 1110-26-010022, kt. 451187-1209, og senda kvittun á hella@hangikjot.is. Við biðjum ykkur að stilla gestafjölda í hóf og minnum á að gestir þurfa að vera orðnir tvítugir á árinu. Ungmennni 16 ára og eldri, með lögheimili í Mývatnssveit, eru velkomin.

Hægt verður að koma með trogin í Skjólbrekku milli kl. 15:00-16:00 á þorrablótisdaginn.

Hlökkum óskaplega til að sjá ykkur á blóti!
Stuðkveðjur frá þorrablótisnefndinni



TJARNIR – GISTIHEIMILI

Til leigu eru Tjarnir – gistiálma við Stórutjarnaskóla, Ljósavatnsskarði, Þingeyjarsveit

Um er að ræða eina 453 m² byggingu sem stengur við skólahúsnæði Stórutjarnaskóla, byggð og tekin í notkun árið 1993. Í húsinu eru 16 2ja manna herbergi, öll með sér baðherbergi með sturtu, gangur, sameiginleg setustofa, forstofa og geymslur. Í öllum herbergjum eru tvö samliggjandi rúm, 90x200 cm, náttborð, borð og stólar auk innréttingar fyrir töskur og fatahengi. Húsnæðinu er vel við haldið, nýtt gler í gluggum, nýlegt parket í herbergjum og teppi á gangi. Húsgögn eru í setustofu og skápar fyrir leirtau ásamt vaski.

Eignin er laus nú þegar og leigð með öllum innanstokksmunum, sængurfötum og handklæðum, fullbúin til gistingar. Aðkoma að húsinu er um heimreið Stórutjarnaskóla.

Um langtímaleigu er að ræða.
Eignin verður sýnd eftir samkomulagi.

Áhugasamir hafi samband fyrir 31. janúar við undirritaða:

Nanna Þórhallssdóttir nannath@simnet.is s:8626240

Friðrik Steingrímsson birkih@mi.is s:8623825

Hlaupastelpan /Nýir tímar

er gefin út á miðvikudögum, velflestar vikur ársins,
Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

Varðandi útgáfu 2024

Hlaupastelpan verður eftir 1. janúar 2024 bara gefin út á raf-rænan máta þ.e. á pdf útgáfu.

Ég reikna með að þegar frá líður muni ég útbúa sérstaka heimasíðu á netinu þar sem hægt verði að nálgast Hlaupa-stelpuna.

Prentuð verða út nokkur eintök og látin liggja frammi í Dala-kofanum og eins verður látið liggja frammi á opnu húsi eldri borgara. í sveitarfélaginu Kannski bætast við fleiri staðir þegar líður á árið.

Hlaupastelpan hefur farið í tölvupósti frá mér til um ca 50 aðila síðust 10 árin og verður það óbreytt.

Hlaupastelpan verður vistuð sem áður á heimasíðu Þingeyjar-sveitar þar sem þau hafa í gegnum árin verið mér hliðholl að lofa mér að vista hana þar inni.

Frá og með 1. janúar 2024 ætla ég að bjóða upp á að senda þeim sem vilja Hlaupastelpuna á pdf formi í tölvu-pósti . Til þess að skrá sig á lista þar þá ætla ég að biðja ykkur að senda mér beiðni í tölvupósti á netfangið

hlaupastelpan2024@gmail.com

Með kveðju Dagný og co

Þorralót Reykdæla

Verið velkomin á Þorralót Reykdæla, laugardaginn 3.
Febrúar.

Hljómsveitin Ástarpungarnir leikur fyrir dansi.

Nánar auglýst síðar, takið daginn frá !



Gleðilegt nýtt ár
2024